

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Arnarholti í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag í landi Arnarholts í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Bæjarstjóri Borgarbyggðar, 16. mars 1998.*

**Óli Jón Gunnarsson.**

Nr. 185

20. mars 1998

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi skógræktarsvæðis í landi Kotvallar í Hvolhreppi.

Sveitarstjórn Hvolhrepps hefur þann 15. janúar 1998 samþykkt breytingu á deiliskipulagi skógræktarsvæðis í landi Kotvallar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Breytingin felst í því að tekin er til deiliskipulagningar spilda úr landi Kotvallar norðvestan Vallarvegur um 42,5 ha. að stærð.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 20. mars 1998.*

F. h. sveitarstjórnar Hvolhrepps.

**Ágúst Ingi Ólafsson** sveitarstjóri.

Nr. 186

19. mars 1998

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Munaðarness í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag tveggja svæða fyrir sumar-bústaði í landi Munaðarness í Borgarbyggð. Um er að ræða áfanga 7, Kýrholtssás og áfanga 4, Selása.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Bæjarstjóri Borgarbyggðar, 19. mars 1998.*

**Óli Jón Gunnarsson.**